

1867.

12. nóvember.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að eins og þegar er tekið fram í úrskurðum dómsmálastjórnarinnar 28. febrúarmán. og 10. maímán. 1862 veitir 4. grein í tilskipuninni 15. marzmán. 1861 amtmönnunum, hverjum í sínu umdæmi, nægilega heimild til að verja vegabótagjaldinu til að vinna þau verk innan hvers umdæmis um sig, sem álíta má mest áriðandi, án þess að þeir sæu einskorðaðir við að láta þá upphæð, sem kemur úr hverri sýslu um sig, verða henni einni að góðu, og, ef það kæmi fyrir að taka þyrfti fê til láns, eins og þér hafið vikið á, herra stiptamtmaður, þá virðist ekki þörf á að fá sérstaka lagaákvörðun til þess.

14. nóvember.

61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að tveim bændum hafi verið veittur heiðurspeningur.

Útaf brëfum yðar, herra stiptamtmaður, 9. marzmán. og 15. ágústmán. þ. á., hefir hans hátign konunginum þóknazt, samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar 25. f. m., allramildilegast að veita Kristjáni Sigurðssyni frá Hvítárvallakoti í Borgarfjarðarsýslu og Runólfi Sverrissyni, fyrrum hreppstjóra, á Maríubakka í Skaptafellssýslu, heiðurspening þann, sem með konungsúrskurðum 28. febrúarmán. 1829 og 12. júlímán. 1840 er ætlaður handa duglegum Íslendingum sem „ærolaun iðni og hygginda.“

Þetta er yður hërmeð kunngjört, herra stiptamtmaður, til þess, að þér tilkynnið hlutadeigendum það til bráðabirgða, og skal því við bætt, að heiðurspeningarnir skulu sendir yður, undir eins og búið er að slá þá.